

REGLUGERÐ

um raforkuvirki.

1. gr.
Skilgreiningar.

Að bjóða fram á markaði: Öll afhending raffanga til dreifingar eða til notkunar á Evrópska efnahagssvæðinu á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

Ábyrgðarmaður/Ábyrgðaraðili: Eigandi, umráðamaður eða annar sá sem tilnefndur hefur verið til að annast uppsetningu eða rekstur raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og ber ábyrgð á lögmætu ástandi þeirra.

CE-merking: Merki þar sem framleiðandinn tilgreinir að raffangið sé í samræmi við gildandi kröfur sem settar eru fram í löggjöf þar sem kveðið er á um áfestingu merkisins.

CEE (International Commission on Rules for the Approval of Electrical Equipment): Alþjóðanefnd sem setur reglur um samþykki raffanga.

CENELEC (Comité Européen de Normalisation Electrotechnique): Evrópsku rafstaðlasamtökin.

Einkarafstöð: Rafstöð í einkaeign sem er staðbundin og framleiðir rafmagn fyrir neysluveitu sem fær ekki rafmagn frá rafveitu.

Dreifingaraðili: Einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður rafföng fram á markaði.

Faggilding: Aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni.

Framleiðandi: Einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir rafföng eða lætur framleiða eða hanna rafföng og markaðssetur þann búnað undir sínu nafni eða vörumerki.

Gerðarmerki (type identification): Nafn, gerðarmerking (type) eða númer sem aðgreinir rafföng framleiðanda.

Heildarskoðun: Skoðun á öllum raflögnum og rafbúnaði virkis.

IEC (International Electrotechnical Commission): Alþjóðaraftækniráðið.

Iðjuver/stóriðja: Virki, háspennnt og/eða lágspennnt, þar sem aðflutt raforka kemur á háspennu inn í veituna, eða er framleidd í eigin aflstöð á athafnasvæðinu eða hvort tveggja.

Innflytjandi: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan EES sem setur rafföng frá ríki utan EES á markað innan EES.

Landsskrá yfir rafverktaka: Upplýsingar um alla löggilta rafverktaka, sem **Brunamálastofnun** Mannvirkjastofnun skráir.

Innri öryggisstjórnun: Skilgreint eftirlitskerfi til að tryggja að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar, sem gerðar eru í samræmi við lög og reglugerðir, sé fullnægt. Sjá öryggisstjórnun.

Innri öryggisstjórnunarkerfi: Kerfisbundnar ráðstafanir sem tryggja að starfsemi sé samkvæmt öryggiskröfum laga og reglugerða og sönnur eru færðar á með skráningu. Sjá öryggisstjórnunarkerfi.

Innköllun: Hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að raffangi, sem þegar er aðgengilegt endanlegum notanda, sé skilað til baka.

Lokayfirferð rafverktaka: Yfirferð allra virkja með samanburði við teikningar, verklýsingar og verklagsreglur, svo og skráning á reyndarteikningar og í yfirferðarskýrslur eins og við á.

Löggilding til rafvirkjunarstarfa: Leyfi sem **Brunamálastofnun** Mannvirkjastofnun veitir aðilum til rafvirkjunarstarfa, á eigin ábyrgð, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Löggiltur rafverktaki: Sá sem hlotið hefur löggildinguna **Brunamálastofnunar** Mannvirkjastofnunar til rafvirkjunarstarfa.

Markaðseftirlit með rafföngum: Markvisst og skipulegt eftirlit með rafföngum á markaði til að tryggja að þau uppfylli ákvæði um öryggi og séu ekki hættuleg.

Neysluveita: Raflögn og rafbúnaður innan við stofnkassa (eða búnað, sem gegnir hlutverki stofnkassa). Á einni heimtaug geta verið fleiri en ein neysluveita.

Raffang: Hvers konar hlutur sem að einhverju leyti kemur að gagni við nýtingu raforku, þ.e. til vinnslu, flutnings, dreifingar, geymslu, mælinga, breytinga og notkunar raforku, svo sem spennar, hreyflar, mælitæki, neyslutæki, varnarbúnaður og búnaður til raflagna.

Raforkuvirki: Mannvirki og búnaður til vinnslu og dreifingar rafmagns.

Rafveita: Fyrirtæki sem flytur, dreifir og/eða selur rafmagn.

Rekstraraðilar: Framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi og dreifingaraðili.

Reyndarteikning: Teikning er sýnir endanlegan frágang verks, t.d. endanlegt samhengi og tengingar raflagna.

Samhæfðir staðlar: Staðlar sem samdir hafa verið með hliðsjón af grunnkröfum og samþykktir eru af CENELEC.

Samræmismat: Ferli sem sýnir fram á hvort öryggismarkmiðin fyrir rafföng, sem um getur í gr. 7.2 hafi verið uppfyllt.

Samræmisyfirlýsing: Yfirlýsing framleiðanda um ábyrgð hans á að vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við staðla og önnur kröfuskjöl.

Setjandi Setning á markað: Framleiðandi þaó raffangs, að umboðsmaður raffang framleiðanda, er innflytjandi, boðið milliliður fram í fyrsta sinn á stöð Evrópska stigum, dreifingaraðili eða smásali, þ.m.t. rafverktaki sem selur raflagnafni efnahagssvæðinu.

Skoðun: Faglegt mat á hönnun virkja, frágangi þeirra og samsetningu eða þjónustu við þau til að ákvarða samræmi þeirra við kröfur gildandi laga, reglugerða og annarra lögmætra fyrirmæla.

Skoðunarhandbók: Handbók um yfirferð hönnunargagna og framkvæmd áfanga-, öryggis- og lokaúttekta, sbr. viðauka II með reglugerð þessari. Þar kemur fram yfirlit yfir þá þætti sem eru til skoðunar, ákvæði um verklag við framkvæmd skoðunar, skoðunaraðferðir, gerð skoðunarskýrslu, flokkun athugasemda og áhrif á afgreiðslu og framsetningu niðurstöðu.

Skoðunarstofa: Faggiltur óháður aðili sem hefur starfsleyfi frá Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun til að annast skoðanir.

Tækniforskrift: Skjal þar sem mælt er fyrir um tæknikröfur sem raffang þarf að uppfylla.

Úrtaksskoðun: Skoðun á ákveðnum hundraðshluta virkja eða hluta virkja sem valin eru með úrtaki.

Úttekt: Skoðun virkis og/eða verks, sem lýkur með undirskrift/staðfestingu úttektaraðila og verktaka um að lagfæringum sé lokið og að virkið og/eða verkið uppfylli í einu og öllu tilskilin ákvæði í gildandi lögum, reglum og öðrum fyrirmælum.

Vara tekin af markaði: Hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að raffang í aðfangakeðjunni sé boðið fram á markaði.

Viðurkenndur fulltrúi: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni.

Virki: Samheiti fyrir raforkuvirki og neysluveitur.

Vottun: Aðferð sem þriðji aðili beitir til að veita formlega staðfestingu á því að vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við tilgreindar kröfur.

Vottunarstofa: Aðili sem annast vottun.

Vörumerki (trade mark): Einkennismerki framleiðanda.

Yfírefirlit: Eftirlit með að ákvæðum laga, nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sé fylgt í framkvæmd með fullnægjandi hætti í samræmi við lögin og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra.

Öryggisstjórnun: Skilgreint eftirlitskerfi til að tryggja að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar, sem gerðar eru í samræmi við lög og reglugerðir, sé fullnægt.

Öryggisstjórnunarkerfi: Kerfisbundnar ráðstafanir sem tryggja að starfsemi sé samkvæmt öryggiskröfum laga og reglugerða og sönnur eru færðar á með skráningu-

~~Vörumerki (trade mark): Einkennismerki framleiðanda.~~

2. gr.

Almenn ákvæði.

2.1 Tilgangur.

Tilgangur þessarar reglugerðar er að draga sem mest úr hættu og tjóni af öllum virkjum og rafföngum og truflunum á og af völdum starfrækslu þeirra.

2.2 Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í landi.

Reglugerðin nær einnig m.a. til hreyfilhitara og hitara fyrir farrými bifreiða sem tengjast almennu rafveitukerfi, búnaðar á farartækjum sem ýmist má tengja almennu rafveitukerfi eða sérstökum rafala svo sem jarðbora eða verkstæðisbúnaðar, rafstöðva sem eru á farartækjum, raflagna í hjólhýsum, bílhýsum, vinnuskýlum á bifreiðum o.fl.

Ákvæði reglugerðarinnar ná ekki til eigin virkja farartækja, svo sem skipa, flugvéla og bifreiða, enda falli þau undir eftirlit annarra en ~~Brunamálastofnunar~~ Mannvirkjastofnunar.

2.3 Yfirtirlit.

Eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum laga nr. 146/1996 og þessarar reglugerðar skal vera í höndum ~~Brunamálastofnunar~~ Mannvirkjastofnunar sbr. 6. gr. laga nr. 146/1996.

2.4 Gerð virkja og raffanga.

Virki og rafföng má því aðeins taka í notkun að hönnun þeirra, gerð og frágangur stofni ekki öryggi manna og dýra, umhverfi eða eignum í hættu þegar þau eru rétt upp sett, þeim haldið við og þau notuð með þeim hætti sem til er ætlast.

Virki og rafföng skulu vera þannig úr garði gerð, notuð, þeim haldið við og eftir þeim litið að hætta af þeim fyrir heilsu og öryggi manna og dýra, svo og hætta á eignatjóni og umhverfisspjöllum, verði svo lítil sem við verði komið.

Öll virki skulu uppfylla grunnkröfur sem tilgreindar eru í 10. gr. Þau skulu einnig uppfylla sérstakar öryggiskröfur sem tilgreindar eru í 11., 12. og 13. gr. eftir því sem við á.

Virki sem gerð eru samkvæmt íslenskum stöðlum og sérstökum öryggiskröfum, sem tilgreindar eru í 11., 12. og 13. gr. eftir því sem við á, eru álitin uppfylla grunnkröfur, sbr. 10. gr., nema annað komi í ljós. Sé beitt öðrum aðferðum við gerð virkja en kveðið er á um í fyrrgreindum stöðlum skulu þær aðferðir og ástæður fyrir beitingu þeirra skjalfestar. Þar skulu koma fram nákvæmar lýsingar á þeim aðferðum sem beitt var til að tryggja öryggi, sbr. 10. gr. Gögn þessi skulu vera aðgengileg eftirlitsstjórnvöldum (~~Brunamálastofnun~~ Mannvirkjastofnun og skoðunarstofum) í a.m.k. tíu ár eftir verklok.

Öll rafföng skulu uppfylla grunnkröfur um öryggi sem tilgreindar eru í 7. gr.

2.5 Öryggisstjórnun.

Ábyrgðarmenn raforkuvirkja rafveitna og iðjuvera, skulu koma upp kerfi til öryggisstjórnunar á eigin virkjum sem að mati ~~Brunamálastofnunar~~ Mannvirkjastofnunar uppfyllir skilyrði laga nr. 146/1996 og reglugerða settra með stoð í þeim. Einnig skulu rafverktakar koma upp kerfi til öryggisstjórnunar á eigin starfsemi sem að mati ~~Brunamálastofnunar~~ Mannvirkjastofnunar uppfyllir skilyrði ofangreindra laga.

2.6 Réttur til eftirlits og rannsókna.

Starfsmenn ~~Brunamálastofnunar~~ Mannvirkjastofnunar og starfsmenn skoðunarstofa, sem hafa starfsleyfi á rafmagnsöryggissviði skv. 8. gr. laga nr. 146/1996, skulu ætíð hafa óhindraðan aðgang að þeim virkjum, starfsstöðum rafverktaka og rafföngum sem þeim hefur verið falið að skoða hverju sinni og rétt til að taka sýni og gera þær athuganir og rannsóknir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að varna hættu á tjóni af völdum rafmagns. ~~Starfsmenn Neytendastofu hafa sömu heimildir hvað varðar markaðseftirlit með þeim rafföngum sem Neytendastofa hefur eftirlit með.~~

Ábyrgðarmönnum virkja, rafverktökum og framleiðendum, innflytjendum og seljendum raffanga, er skylt að veita Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun þá aðstoð er þörf krefur og hún kann að óska eftir.

~~Framleiðendum, innflytjendum og seljendum raffanga er skylt að veita Neytendastofu þá aðstoð er þörf krefur og hún kann að óska eftir varðandi rafföng sem stofnunin hefur eftirlit með.~~

Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun ber að koma á og viðhalda eigin gæðakerfi. Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun stýrir á þann hátt eftirliti til að tryggja að gerð, frágangur og meðferð virkja sé í öllu samkvæmt gildandi lögum og reglum, og að fullnægjandi öryggi sé gegn hættu og tjóni af þeirra völdum.

Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun getur, þar til niðurstaða, úrskurður eða dómur gengur í máli tekið í sína vörslu eða innsiglað rafföng eða hvers konar hluta virkja sem teljast varhugaverðir að hennar mati og sem ekki fullnægja skilyrðum reglugerðar þessarar. ~~Sömu heimildir hefur Neytendastofa sé um að ræða rafföng sem hún hefur eftirlit með.~~

2.7 Fræðsla og upplýsingamiðlun.

Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun ber að stuðla að auknu öryggi almennings við hagnýtingu rafmagns, og fagmanna við umgengni þess og meðferð. Þetta er m.a. gert með því að koma á framfæri til almennings og fagmanna fræðsluefni um rafmagn og notkun þess, auk upplýsinga um hættur af völdum rafmagns, fyrirbyggjandi aðgerðir og leiðir til að forðast hættu. Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun er heimilt að birta og nota niðurstöður skoðana, ásamt upplýsingum um slys og tjón, til fræðslu, upplýsinga og viðvarana til almennings og fagmanna.

~~Neytendastofu ber að koma á framfæri fræðsluefni varðandi rafföng sem hún hefur eftirlit með.~~

2.8 Fagleg gerð, viðhald, útlit, náttúruvernd.

Sérhvert virki skal vera faglega gert. Setning, breytingar og viðgerðir virkja og raffanga skulu framkvæmdar af sérhæfðum mönnum sem hafa þá kunnáttu sem nauðsynleg er í hverju tilviki.

Ábyrgðarmönnum virkja og raffanga er skylt að sjá um að þeim sé vel við haldið og eftirlit með þeim sé þannig að þau séu ávallt í samræmi við þær öryggiskröfur sem reglugerðin mælir fyrir um.

Framkvæmdum við virki skal haga þannig að sem minnst mengun, tjón, röskun á náttúru og umhverfi eða lýti hljótist af. Um mat á mengunarhættu og náttúruspjöllum skal haft samráð við viðkomandi yfirvöld.

2.9 Upplýsingaskylda, og viðeigandi aðgerðir.

Ábyrgðarmönnum virkja er ávallt skylt að láta Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun í té allar upplýsingar er hún kann að óska eftir um gerð, tilhögun og rekstur virkja þeirra.

Ábyrgðarmönnum virkja er skylt að tilkynna Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun tafarlaust um hvert það slys eða tjón (svo sem bruna) er kann að verða af völdum eigin virkja eða raffanga. Gerð skal full grein fyrir öllum atriðum sem kunn eru og geta skýrt orsök og upptök slyss eða tjóns.

Verði Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun þess áskynja að neysluveita, rafföng eða hvers konar hlutar virkja séu varhugaverðir eða uppfylli ekki skilyrði reglugerðar þessarar, eða að hætta kunni að stafa af virkjum eða rafföngum skal stofnunin tafarlaust grípa til þeirra úrræða sem reglugerð þessi mælir fyrir um. Leiki rökstuddur grunur á því að virki eða raffang uppfylli ekki skilyrði þessarar reglugerðar getur Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun tímabundið bannað sölu eða notkun á meðan rannsókn fer fram í málinu.

Leiði rannsókn Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar í ljós að virki eða raffang uppfylli ekki skilyrði reglna getur stofnunin tímabundið stöðvað notkun, bannað uppsetningu og krafist niðurtöku og innköllunar.

~~Sömu heimildir og um getur í 3. og 4. mgr. hefur Neytendastofa sé um að ræða rafföng sem hún hefur eftirlit með.~~

Telji Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun að einstaklingur eða lögaðili sem starfar samkvæmt leyfi eða löggildingu hennar hafi brotið ákvæði leyfisins eða löggildingarinnar skal stofnunin, áður en gripið er til leyfissviptingar, senda viðkomandi fyrirmæli þar sem tilgreina skal ávirðingarnar, benda á leiðir til úrbóta og tilgreina fyrir hvaða tíma framkvæma skuli úrbætur.

Ákvörðunum og fyrirmælum Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar má skjóta til úrskurðarnefndar skipulags umhverfis- og byggingarmála en málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar. Ákvörðunum og fyrirmælum Neytendastofu má skjóta til áfrýjunarnefndar Neytendamála auðlindamála en málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

2.10 Umbætur á virkjum.

Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun getur ef talið er nauðsynlegt, fyrirskipað umbætur og breytingar á virkjum til varnar gegn hættu, tjóni og truflunum skv. gr. 2.4. Slíkar umbætur eða breytingar ber að framkvæma tafarlaust að fyrirsögn Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar. Hún getur bannað notkun virkjanna og aftengt þau ef þörf krefur þar til fullnægjandi umbótum er lokið.

2.11 Kostnaður af öryggisráðstöfunum.

Virki og rafföng mega ekki hafa í för með sér lífshættu, slyshættu, tjón á eignum eða hættu á truflunum á starfrækslu virkja sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra því með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja. Þó má skylda eiganda hinna eldri virkja að bera tilsvarende hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða að eigandi hinna eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafist er um ný virki á þeim tíma þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

2.12 Frekari reglur.

Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun er heimilt að setja reglur í formi verklagsreglna, skoðunarreglna, orðsendinga eða á annan skriflegan hátt um gerð, tilhögun og starfrækslu virkja og raffanga og eftirlit með þeim til frekari fyllingar reglugerð þessari eða staðla sem vísað er til.

2.13 Ágreiningur, úrskurður.

Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun sker úr ágreiningi um:

1. hvort virki hafi í för með sér lífshættu, hættu á tjóni á heilsu og eignum manna, eða hættu á truflunum við starfrækslu eldri virkja,
2. hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra hættum og truflunum,
3. hver eigi að koma ráðstöfunum skv. 2. lið í verk,
4. hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Fyrirmælum Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar getur hlutaðeigandi skotið til úrskurðarnefndar skipulags umhverfis- og byggingarmála auðlindamála innan þriggja mánaða frá því að aðila var kunnugt um fyrirmælin eða mátti vera um þau kunnugt. Aðila er þó skylt að hlíta fyrirmælum Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar til bráðabirgða þar til niðurstaða úrskurðarnefndar skipulags umhverfis- og byggingarmála auðlindamála liggur fyrir.

2.14 Beiting ákvæða á ný og eldri virki.

Ný virki skulu gerð, þeim viðhaldið og þau rekin samkvæmt þessari reglugerð. Ákvæðum þessarar reglugerðar skal einnig fylgt við stækkanir og breytingar á eldri virkjum, sbr. ákvæði um gildistöku.

Auk þess, sem að framan greinir, getur Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun ákveðið að sérstök ákvæði reglugerðarinnar taki einnig til virkja sem tekin voru í notkun fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, sé það talið nauðsynlegt af öryggisástæðum.

Sömu reglur um rekstur virkja skulu þó gilda um gömul og ný virki.

3. gr.

Skoðunarstofur.

3.1 Hlutverk.

Faggiltri skoðunarstofu er heimilt, að fengnu starfsleyfi Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar, að annast skoðanir, rannsóknir, eftirlit og úttektir á virkjum og öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka, rafföngum og aðstöðu og búnaði rafverktaka samkvæmt samningi við stjórnvöld, eigendur, rekstraraðila, seljendur, framleiðendur og aðra sem uppfylla ber tilteknar skyldur á rafmagnssviði eins og nánar er mælt fyrir um í reglugerð þessari.

3.2 Almennt um starfsleyfi.

Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun veitir starfsleyfi til reksturs skoðunarstofa á rafmagnssviði. Starfsleyfi er skilgreint og bundið við eitt eða fleiri eftirfarandi starfssviða:

1. Að skoða virki með málspennu yfir 1000 V riðspennu eða 1500 V jafnspennu.
2. Að skoða virki með málspennu til og með 1000 V riðspennu eða 1500 V jafnspennu.
3. Að skoða öryggisstjórnunarkerfi rafveitna og framkvæmd öryggisstjórnunar.
4. Að skoða öryggisstjórnunarkerfi rafverktaka og framkvæmd öryggisstjórnunar.

5. Skoðun á aðstöðu og búnaði rafverktaka.

6. Að skoða rafföng á markaði.

Starfsleyfi veitir skoðunarstofu heimild til að sinna hlutaðeigandi starfssviði um allt land. Starfsleyfi skoðunarstofa er veitt til fimm ára í senn. Starfsleyfi fellur niður ef skoðunarstofa gerist brotleg við eitthvert þeirra skilyrða sem sett eru við veitingu starfsleyfisins eða brýtur að öðru leyti gegn ákvæðum laga og reglugerða sbr. gr. 2.9. Starfsleyfi fellur einnig niður ef skoðunarstofa hættir starfsemi af einhverjum ástæðum. Framsal starfsleyfis er óheimilt.

Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun er heimilt að kanna starfsemi skoðunarstofa eins og þurfa þykir. Slík könnun er óháð reglulegu eftirliti faggildingaraðila.

3.3 Skilyrði fyrir starfsleyfi.

Aðili sem hyggst stofna til reksturs skoðunarstofu á rafmagnssviði skal sækja um starfsleyfi til Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar. Til að öðlast slíkt leyfi skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Skoðunarstofa skal vera faggilt í samræmi við reglugerð um starfsemi faggiltra, óháðra skoðunarstofa.
2. Skoðunarstofa skal hafa í föstu starfi tæknilegan stjórnanda með menntun og reynslu á því sviði sem hún starfar á og sem ber ábyrgð á skoðuninni. Hæfniskröfur skulu vera eins og skilgreindar eru í gr. 4.4.
3. Skoðunarstofa skal hafa nægilegan fjölda starfsmanna með fullnægjandi þekkingu og reynslu til að annast þá þjónustu sem veita skal. Hæfniskröfur skoðunarmanna skulu vera eins og skilgreindar eru í gr. 4.5.
4. Skoðunarstofa skal hafa yfir að ráða mælum og öðrum tækjabúnaði til að geta fullnægt kröfum reglugerðar um raforkuvirki og sérstökum kröfum sem Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun setur og birtir varðandi einstök starfssvið. Nákvæmnisvið mælitækja skal vera fullnægjandi að mati Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar. Í verklagsreglum Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar er skrá yfir nauðsynleg tæki og búnað skoðunarstofu.
5. Skoðunarstofa skal fullnægja kröfum um hlutleysi þriðja aðila, eins og þær eru í reglugerð um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa.

3.4 Leyfissviptingar.

Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun getur svipt skoðunarstofu starfsleyfi, sbr. gr. 2.9, ef leyfisskilyrði eru ekki lengur uppfyllt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og mati Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar. Sama á við ef skoðunarstofa hlítir ekki fyrirmælum Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkámi í starfi. Sviptingu starfsleyfis má skjóta til úrskurðarnefndar skipulags umhverfis- og byggingarmála auðlindamála innan þriggja mánaða frá því að svipting kom til:

3.5 Starfsleyfi til bráðabirgða:

Við útgáfu starfsleyfis til skoðunarstofu í fyrsta sinn er Brunamálastofnun heimilt að veita bráðabirgðastarfsleyfi án þess að skoðunarstofan hafi hlotið faggildingu, enda hafi hún sent inn fullnægjandi umsókn um faggildingu og hún verið samþykkt. Bráðabirgðastarfsleyfi getur aldrei gilt lengur en í eitt ár og verður ekki framlengt.

Skoðunarstofa sem æskir slíks starfsleyfis til bráðabirgða, skal í umsókn þar að lútandi gera grein fyrir á hvern hátt hún hyggst á aðlögunartímanum byggja upp starfsemi sína til að uppfylla öll þau ákvæði er liggja til grundvallar fullu starfsleyfi.

4. gr.

Hæfniskröfur.

4.1 Ábyrgðarmaður raforkuvirkja rafveitna.

Ábyrgðarmaður raforkuvirkja rafveitna skal:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem lúta að vinnu við háspennuvirki og/eða rekstur þeirra, eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem lúta að vinnu við háspennuvirki og/eða rekstur þeirra,

eða

3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík (áður Tækniháskóli Íslands og Tækniskóli Íslands) eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða

4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytisins og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

Ef rafveitan framleiðir og/eða dreifir einungis lágspenntri raforku skal ábyrgðarmaður hennar hafa tveggja ára reynslu að loknu námi/sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.

4.2 Ábyrgðarmaður virkja iðjuvera/stóriðju.

Ábyrgðarmaður raforkuvirkja iðjuvera skal:

1. uppfylla skilyrði gr. 4.7 um A-löggildingu eða,
2. uppfylla skilyrði gr. 4.9.1 um CA-löggildingu.

4.3 Ábyrgðarmaður einkarafstöðva.

Ef einkarafstöð framleiðir og/eða dreifir háspenntri raforku skal ábyrgðarmaður hennar uppfylla skilyrði gr. 4.7 um A-löggildingu eða skilyrði gr. 4.9.1 um CA-löggildingu.

Ef einkarafstöð framleiðir og/eða dreifir lágspenntri raforku skal ábyrgðarmaður hennar uppfylla skilyrði gr. 4.8 um B-löggildingu eða skilyrði gr. 4.9.2 um CB-löggildingu.

4.4 Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu.

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu skal:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði), eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði).

Að auki skal tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu hafa a.m.k sex mánaða reynslu af skoðunarstörfum á viðkomandi fagsviðum, sjá gr. 3.2.

4.5 Skoðunarmaður skoðunarstofu.

4.5.1 Lágspenna/öryggisstjórnun rafverktaka.

Skoðunarmaður skal:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík (áður Tækniháskóli Íslands og Tækniskóli Íslands) eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytisins og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.

4.5.2 Háspenna/öryggisstjórnun rafverktaka.

Skoðunarmaður skal:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík (áður Tækniháskóli Íslands og Tækniskóli Íslands) eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytisins og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

4.5.3 Öryggisstjórnunarkerfi rafveitna, iðjuvera og einkarafstöðva.

Skoðunarmaður skal:

1. Uppfylla ákvæði gr. 4.5.1 og/eða 4.5.2.
2. Hafa lokið a.m.k. þriggja ára háskólanámi.
3. Hafa starfað að gæða- eða öryggisstjórnun. Tekið þátt í uppbyggingu eða þróun gæða- og/eða öryggisstjórnunarkerfa. Tekið þátt í rekstri slíks kerfis, þ. á m. innri gæðaúttektum. Þessi reynsla þarf að spanna a.m.k. 2 ár.
4. Hafa sótt námskeið fyrir vottunarúttektarmenn, viðurkennt af Brunamálstofnun Mannvirkjastofnun.
5. Hafa undirgengist hæfnispróf sem Brunamálstofnun Mannvirkjastofnun viðurkennir.

Uppfylli skoðunarmaður ekki 1. lið greinar þessarar skal hann hafa sér til fulltingis skoðunarmann sem gerir slíkt:

~~4.5.3.1 Starfsleyfi til bráðabirgða.~~

~~Brunamálstofnun getur veitt skoðunarstofu bráðabirgðastarfsleyfi til að skoða öryggisstjórnunarkerfi rafveitna og iðjuvera, uppfylli skoðunarmaður skilyrði (1)-(3) í gr. 4.5.3. Bráðabirgðaleyfið gildir til eins árs og er ekki framlengjanlegt.~~

4.6. Löggilding rafverktaka.

Löggildingarflokkar eru þrír:

A-löggilding sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki á almennum markaði.

A-löggildingu skulu þeir hafa hlotið sem í eigin nafni annast rafverktöku við háspennuvirki á almennum markaði. Fyrirtæki sem starfa við háspennuvirki á almennum markaði, skulu hafa í þjónustu sinni starfsmann, sem hlotið hefur A-löggildingu og þar með réttindi til að annast rafverktöku háspennuvirkja og ber jafnframt ábyrgð á vinnu við háspennuvirki sem unnin er í nafni fyrirtækisins.

B-löggilding sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki og til viðgerða á hvers konar rafföngum á lágspennusviði á almennum markaði.

B-löggildingu skulu þeir hafa hlotið sem í eigin nafni annast rafverktöku við lágspennuvirki og/eða annast viðgerðir á hvers konar rafföngum á lágspennusviði á almennum markaði. Fyrirtæki sem starfa við lágspennuvirki og/eða annast viðgerðir á hvers konar rafföngum á lágspennusviði á almennum markaði, skulu hafa í þjónustu sinni starfsmann, sem hlotið hefur B-löggildingu og þar með réttindi til að annast rafverktöku lágspennuvirkja og er jafnframt ábyrgur fyrir vinnu sem unnin er við lágspennuvirki í nafni fyrirtækisins.

C-löggilding (CA;CB) er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, og/eða lágspennuvirki eða til viðgerða á hvers konar rafföngum á lágspennusviði, innan vébanda einstakra fyrirtækja eða stofnana sem ekki annast almenna rafverktöku eða viðgerðir á almennum markaði. Þá skal löggildingin eingöngu ná til starfa/raffanga á athafnasvæðum og/eða húsnæði viðkomandi fyrirtækja eða stofnana.

C-löggildingu (CA;CB) sem er takmörkuð löggilding, skulu þeir hafa hlotið sem starfa hjá fyrirtækjum eða stofnunum sem ekki annast rafverktöku á almennum markaði né annast viðgerðir á hvers konar rafföngum á almennum markaði og skal löggildingin aðeins ná til starfa/raffanga á athafnasvæði og/eða húsnæði viðkomandi fyrirtækja eða stofnana.

4.7 A-löggilding til rafvirkjunarstarfa.

Sá sem vill öðlast A-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík (áður Tækniháskóli Íslands og Tækniskóli Íslands) eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

4.8 B-löggilding til rafvirkjunarstarfa.

Sá sem vill öðlast B-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík (áður Tækniháskóli Íslands og Tækniskóli Íslands) eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.

4.9 C-löggilding til rafvirkjunarstarfa.

4.9.1 CA-löggilding.

Sá sem vill öðlast CA-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík (áður Tækniháskóli Íslands og Tækniskóli Íslands) eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

Sá sem öðlast hefur CA-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.

4.9.2 CB-löggilding.

Sá sem vill öðlast CB-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík (áður Tækniháskóli Íslands og Tækniskóli Íslands) eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja, eða
4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytisins og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.

Sá sem öðlast hefur CB-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.

Þeir aðilar sem áður hafa gegnt störfum ábyrgðarmanns, eða störfum fulltrúa þeirra, eða hlotið önnur réttindi skv. eldri reglugerð, skulu halda þeim réttindum áfram.

5. gr.

Eftirlit með rafveitum, iðjuverum og einkarafstöðvum.

5.1 Almenn.

Ákvæði þessa kafla gilda einnig um háspennuhluta iðjuvera og einkarafstöðva, þó að ekki séu nefnd sérstaklega hér á eftir.

Eftirlit með raforkuvirkjum rafveitna skiptist í:

1. Öryggisstjórnun af hálfu rekstraraðila veitunnar, þ.m.t. skoðanir og úttektir á nýjum og breyttum raforkuvirkjum og raforkuvirkjum í rekstri.
2. Eftirlit af hálfu **Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar** sem felst m.a. í skoðun öryggisstjórnunarkerfa rafveitna og úrtaksskoðun nýrra og breyttra virkja og virkja í rekstri.

5.2 Öryggisstjórnun.

Rafveitum ber að hafa skilgreint öryggisstjórnunarkerfi til að tryggja öryggi eigin raforkuvirkja og fullnægjandi stjórn á rekstri þeirra. Í öryggisstjórnunarkerfi skal m.a. skilgreina eftirfarandi meginþætti:

1. fastmótað skipulag og skilgreiningu á því hver beri ábyrgð á að nauðsynlegum öryggis- og fyrirbyggjandi aðgerðum ásamt eftirliti sé sinnt og hvernig ábyrgðarmaðurinn dreifir ábyrgð á aðra starfsmenn;
2. skráningu á megineiningum raforkuvirkja og breytingum sem gerðar eru;
3. ákvæði um hvernig sé staðið að eftirliti með virkjum í rekstri, úttektum og skoðunum á nýjum virkjum og endurbótum eldri virkja;
4. ákvæði um tíðni og umfang eftirlits;
5. ákvæði um greiningu, skráningu og flokkun athugasemda auk þess hvernig bregðast skuli við athugasemdum;
6. ákvæði um innri úttektir öryggisstjórnunarkerfisins.

Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun er heimilt að takmarka kröfur til iðjuvera og einkarafstöðva við töluliði (1) og (2) þessarar greinar ef uppfyllt er krafa um heildarskoðun háspennuhluta viðkomandi virkis á minnst 5 ára fresti.

Rafveitur skulu tilnefna ábyrgðarmann sem ber ábyrgð á því að unnið sé samkvæmt skilgreindu öryggisstjórnunarkerfi. Tilkynna skal **Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun** nafn og kunnáttu ábyrgðarmannsins sem uppfylla skal hæfniskröfur skv. gr. 4.1. Ábyrgðarsvið hans skal vera skilgreint í öryggisstjórnunarkerfi rafveitunnar.

Ábyrgðarmanni er heimilt að framselja öðrum umboð sitt og tilnefna fulltrúa ábyrgðarmanns. Það skal gert skriflega. Eftir sem áður ber ábyrgðarmaðurinn ábyrgð á virkjum rafveitunnar. Í öryggisstjórnunarkerfinu skal vera nánari lýsing á framsalsferlinu.

Sá sem ábyrgðarmaður gerir að fulltrúa sínum skal a.m.k. uppfylla ákvæði gr. 4.7 til 4.9, eftir því sem við á.

Ábyrgðarmaður og fulltrúar hans skulu vera búsettir svo nærri raforkuvirkjum að þeir geti haft reglubundna umsjón með ástandi og viðhaldi þeirra í þeim mæli sem öryggisstjórnunarkerfið kveður á um. Þeir skulu ekki vera svo bundnir af annarri starfsemi að það hindri störf þeirra sem ábyrgðarmanna.

Rafveita skal í lok hvers framkvæmdaárs, eða samkvæmt nánara samkomulagi við **Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun**, senda verkáætlun til hennar um fyrirhugaðar framkvæmdir næsta árs. Í áætluninni skal geta um allar fyrirhugaðar viðbætur og breytingar á virkjum rafveitunnar, bæði háspennu- og lágspennuvirkjum.

Rafveita semur, eða er heimilt að semja, við skoðunarstofu, sem hefur tilskilið starfsleyfi **Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar**, um að skoðunarstofan annist lögbundnar skoðanir á öryggisstjórnunarkerfi, nýjum og breyttum raforkuvirkjum og skoðun á virkjum í rekstri, sbr. gr. 5.3.1 og 5.3.2.

Liggi ekki fyrir samningur við skoðunarstofu er rafveitum heimilt að óska eftir umsjón **Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar** með skoðunum á öryggisstjórnunarkerfi, skoðunum á nýjum og breyttum raforkuvirkjum og raforkuvirkjum í rekstri. **Brunamálastofnun Mannvirkjastofnun** ræður til þess skoðunarstofu sem hefur tilskilið starfsleyfi **Brunamálastofnunar Mannvirkjastofnunar**.

